



## Móttaka nýrra nemenda

### **Móttaka barns sem flyst í nýtt skólahverfi**

Hvert er hlutverk skólastjórans?

Þegar barn hefur verið skráð í nýjan skóla er mjög mikilvægt að allar upplýsingar berist fljótt til verðandi umsjónarkennara því hann þarf sem allra fyrst að gera ráðstafanir í sambandi við móttöku barnsins. Þetta á sérstaklega við um það ef barnið kemur inn á miðjum vetri.


### **Skólastjóri þarf að:**

- Boða barn með foreldrum/forráðamönnum á fund í skólanum,
- Sýna barni og foreldrum/forráðamönnum skólann og íþróttahúsið og kynna þau fyrir umsjónarkennara og starfsfólki skóla og íþróttahúss.
- Kynni þeim helstu reglur og starfshætti.
- Umsjónarkennari fái ítarlegar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: námslegar, félagslegar og heilsufarslegar.

Ef engar skriflegar upplýsingar fylgja barninu frá skólanum/kennaranum sem það kemur frá, þarf skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu eða umsjónarkennari að hafa samband og fá þær. Öllum börnum fylgja einhverjar upplýsingar.

### **Fyrsti skóladagurinn**

Þegar nemandi kemur fyrst í skólann ætti það að vera fyrsta verk móttöku-/umsjónarkennara nemandans að ganga úr skugga um að hann viti um, kennarastofu, salerni, fatahengi, verkgreinastofur, hjúkrunarfræðing og hvar er hægt að fá að hringja ef nauðsyn krefur og fleira. Kynna hann fyrir starfsfólki skólans, s.s. skólaliðum. Einnig þarf að skýra vel út hvert hann leitar ef eitthvað bjátar á. Lesa þarf yfir skólareglur með nemandanum og sjá til þess að hann fái afrit af þeim með sér. Nemanda og foreldrum er sagt frá skólanámskrá/Leiðarljós inni á heimasíðu grunnskólans, [www.grunnrey.is](http://www.grunnrey.is).

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



# Grunnskóli Reyðarfjarðar




Kennari þarf að undirbúa móttöku með bekknum. Það er áriðandi núna að kennarinn leggi mikla áherslu á að hver nemandi kynni sig með nafni. Nafnaleikur af einhverju tagi væri mjög sniðugur hér. Því fyrr sem nemandinn lærir nöfnin á bekkjarfélögunum, því líklegra að hann komist sem fyrst inn í hópinn.

Það væri mög gott ef þessi fyrsti dagur færi meira eða minna í aðlögun fyrir nemandann. Kennarinn getur verið búinn að velja nemendur sem geta tekið barn inn í sinn vinalóp og auðvelda því að laga sig að nýjum aðstæðum, t.d. einhver úr sama hverfi. Í fyrstu frímínúتونum þarf að tryggja að bekkjarfélagar passi upp á nýja nemandann og sjái til þess að hann sé ekki einn.

*Dæmi um það hvernig kennari getur undirbúið bekkinn:*

- *Hvað heitir barnið?*
- *Hvar mun það búa?*
- *Hverjir búa nálægt og geta verið samferða í skólann?*
- *Hvaðan kemur barnið, á einhver ættingja þaðan?*
- *Hvað vitum við um staðinn?*
- *Hvað getum við gert svo að nýja nemandanum liði sem best?*
- *Jafnvel er hægt að undirbúa skemmtilega móttökuathöfn.*

Umsjónarkennari þarf að fylgjast vel með nemandanum áfram, heyra í því hvernig honum líður, hvernig gengur félagslega o.fl. Margt af því sem á undan hefur farið, miðast við það að barnið komi inn í bekkinn á miðjum vetri. Að kennarinn hafi getað undirbúið bekkjarfélagana vel áður en barnið kemur í fyrsta skiptið. Þessu er oft öfugt farið, þ.e.a.s. oftast en ekki kemur barn inn í nýjan bekk að hausti. Þá er ekki hægt að undirbúa bekkjarfélagana eins mikið. Mikilvægt er þá að nýi nemandinn fái góða kynningu um skólann eins og áður kemur fram. Það er mjög sniðugt að gera það strax að morgni fyrsta skóladags þannig að kennarinn hafi einhverja stund til að segja börnunum frá væntanlegum bekkjarfélagum.

*Hugrökku  er ekkert ómögulegt*




# Grunnskóli Reyðarfjarðar



Móttaka nemenda sem flytjast í nýtt skólahverfi - Tékklisti.

| Atriði sem þarf að framkvæma   | Lokið | Ólokið |
|--|-------|--------|
| Segja bekknum frá nýja nemandanum  |       |        |
| Segja öðrum kennurum frá nýja nemandanum   |       |        |
| Segja öðru starfsfólki frá nýja nemandanum   |       |        |
| Boða barn með foreldrum á fund í skólanum  |       |        |
| Fá nöfn, heimilisfang, öll símanúmer, hvar síðast í skóla og skrá í mentor   |       |        |
| Sýna barni og foreldrum skólann, bekkjarstofu, snyrtingar, fatahengi, kennarastofu, verkgreinastofur og íþróttahús |       |        |
| Fara yfir helstu reglur og starfshætti í skólanum með foreldrum og nemanda   |       |        |
| Afhenda stundaskrá og kynna heimasíðu skólans  |       |        |
| Afla upplýsinga um nám og námsárangur í mentor   |       |        |
| Afla upplýsinga um félagslegan bakgrunn nemanda hjá foreldrum og fyrrverandi kennara                               |       |        |
| Kynna barnið fyrir starfsmönnum  |       |        |
| Kynna nemandann fyrir bekknum  |       |        |
| Undirbúa fyrstu frímínúturnar  |       |        |


Hugrökku  er ekkert ómögulegt



# Grunnskóli Reyðarfjarðar



|  |  |  |
|--|--|--|
| Afhenda nemandu kort af bænum þar sem heimilisföng og símanúmer bekkjarfélaga eru merkt inn. |  |  |
| Láta skólahjúkrunarfræðing afla heilsufarsupplýsinga   |  |  |

Hugrökku  er ekkert ómögulegt

